



DALVÍKURBYGGÐ

ÍÞRÓTTASVÆÐI DALVÍKUR

DRÖG AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI OG DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING

28. ágúst 2017



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

EFNISYFIRLIT

1	Yfirlit	2
1.1	<i>Aðdragandi</i>	2
1.2	<i>Skipulagssvæðið</i>	2
2	Viðfangsefni og áherslur.....	4
2.1	<i>Drög að breytingu á aðalskipulagi</i>	4
2.2	<i>Deiliskipulag íþróttasvæðis Dalvíkur</i>	5
3	Forsendur	6
3.1	<i>Staðhættir.....</i>	6
3.2	<i>Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024</i>	7
3.3	<i>Fornminjar</i>	7
3.4	<i>Lög og reglugerðir</i>	7
4	Áhrifamat	8
5	Kynning, samráð og skipulagsferli	9
5.1	<i>Umsagnaraðilar.....</i>	9
5.2	<i>Athugasemdir</i>	9
6	Heimildaskrá	10

1 YFIRLIT

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og gerð deiliskipulags íþróttasvæðis Dalvíkur, skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Í lýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Skipulagssvæðið er við syðri mörk bæjarins og myndar fyrstu ásynd bæjarins fyrir vegfarendur. Markmið skipulagsins er að styrkja íþróttasvæðið í heild með stefnu fyrir framtíðar uppbyggingu. Þörf er á stefnumörkun í skipulagi fyrir frekari þróun svæðisins til að efla íþróttastarf í byggðarlaginu.


Með gerð og kynningu lýsingar gefst almenningi og umsagnaraðilum kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar, sem að gagni gætu komið við skipulagsvinnu.

1.1 AÐDRAGANDI

Vinna við deiliskipulag íþróttasvæðisins á Dalvík hófst á árunum 2008-2009 og var kynningarfundur haldinn í Bergi þann 19. mars 2012.¹ Á fundi Umhverfissráðs Dalvíkurbyggðar þann 4. september 2013 var tillagan samþykkt og að deiliskipulagið yrði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga.² Skipulagið hefur ekki öðlast lögformlegt gildi og er því ekkert deiliskipulag í gildi fyrir íþróttasvæði Dalvíkur.

Í apríl 2015 setti vinnuhópur fram skýrslu um framtíðarsýn íþróttasvæðisins en þá höfðu forsvarsmenn íþróttafélagsins UMFS Dalvík (Ungmennafélag Svarfdæla, Dalvík) óskað eftir að svæðið yrði skipulagt. Umhverfissráð Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi 16. september 2016 að hefja vinnu að nýju við deiliskipulag íþróttasvæðis og nærliggjandi svæða árið 2017.³ Þann 27. júní 2017 voru skipulagsráðgjafar frá Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., boðaðir á skipulagsfund í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar þar sem markmið sveitarfélagsins voru kynnt og hófst þar með skipulagsvinna að nýju.

1.2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ



Mynd 1: Þéttbýlisuppráttur aðalskipulags. Deiliskipulagssvæði afmarkað með rauðri brotalínu.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting nær til landnotkunarreita 402-O/S, 404-O/S, 405-Íb og 406-A/Íb-V. Breytingin felur í sér að flokkun landnotkunar í aðalskipulagi er breytt til samræmis við skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Greint er nánar frá því í 2. kafla.

¹ Dalvíkurbyggð, 2012.

² Dalvíkurbyggð, 2013.

³ Dalvíkurbyggð, 2016.

Deiliskipulagssvæðið er afmarkað til austurs við miðlínu af Þjóðvegi nr. 810 og Skíðabraut, að norðan við lóðamörk Skíðabrautar 16-18 og tjaldsvæði. Afmörkun nær vestur fyrir svæði Íþróttamiðstöðvar Dalvíkurbyggðar og suður um óbyggt svæði að Ásgarði. Stærð skipulagssvæðis er 8,5 hektarar.



Mynd 2: Yfirlitsmynd yfir skipulagssvæði. Gul brotalína sýnir deiliskipulagsmörk.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir landnotkunarreiti númer 402-O/S, 404-O/S og 406-A/Íb/V samkvæmt Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Um er að ræða blandaða landnotkunarreiti sem skilgreindir eru sem:

- Opin svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir (402 og 404): íþróttasvæðið.
- Íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði (406): sunnan íþróttasvæðis, óbyggt að mestu.



Mynd 3: Horft yfir knattspyrnuvöll í átt að Íþróttamiðstöð. (AKG)

2 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

2.1 DRÖG AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI


Fyrirhugað er að leggja fram breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 samhliða nýju deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á mörkum landnotkunarreita og sameiningu reita sem mun styrkja samhengi íþróttasvæðis og nærliggjandi svæða. Tveir reitir verða einnig endurskilgreindir eftir nýjum landnotkunarflokkum og litakerfi samkvæmt 7.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Reitur 404-O/S verður endurskilgreindur sem íþróttasvæði og fær númerið 404-Íþ. Reiturinn verður stækkaður að hluta um reiti 402-O/S og 406-A/Íb/V en minnkaður frá suðri vegna stækkunar aðliggjandi íbúðarreits 405-Íb. Þar með verður íþróttasvæði Dalvíkur skilgreint sem ein heild.

Landnotkunarreitur 402-O/S verður minnkaður sem nemur stækkun aðliggjandi reits. Nyrstu mörk verða endurskilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði með númerið 402-AF. Þar er nú tjaldsvæði Dalvíkur.

Framtíðar íbúðarbyggð er áætluð á landnotkunarreit 405-Íb. Sá reitur verður stækkaður og framlengdur að hluta um reit 404-O/S (404-Íþ) og að reit 406-A/Íb/V. Þar með verður samhengi íbúðarbyggðar við syðri mörk bæjarins styrkt. Reitur 406-A/Íb/V heldur sinni skilgreiningu en er minnkaður að hluta.

Drög að breytingum þéttbýlisuppráttar er á myndum hér að neðan. Fyrri myndin sýnir núgildandi skipulag og seinni myndin breytingu. Í töflu eru upplýsingar um breytingar sem fyrirhugaðar eru í greinagerð.



Mynd 4: Samanburður á núgildandi skipulagi og drögum að breytingu þéttbýlisuppráttar.

Nr.	Breytt nr.	Stærð	Breytt stærð	Svæði	Breytt svæði	Lýsing	Breytt lýsing
402-S/O	402-AF	5,7	1,3	Íþróttasvæðið á Dalvík.	Tjaldsvæði Dalvíkur.	Tjaldsvæði, fótboltavöllur og æfingavöllur.	Tjaldsvæði
404-S/O	404-Íþ	4,9	8,1	Íþróttasvæði.	Íþróttasvæði Dalvíkur.	Á reitnum er Sundlaug og Íþróttamiðstöð Dalvíkurb., að öðru leyti óbyggt svæði.	Íþróttamiðstöð Dalvíkurb., sundlaug og íþróttasvæði.
405-Íb		6,1	7,9	Ofan sundlaugar Dalvíkur.	Íbúðabyggð sunnan við íþróttasvæði.	Óskipulagt, óbyggt. Fyrsti áfangi framtíðarbyggðar.	
406-A/Íb/V		1,7	1,3	Við Ásgarð.	Blönduð byggð við Ásgarð.	Óbyggt, óskipulagt. Svæðið verður andlit bæjarins gagnvart aðkomu úr suðri.	

Tafla 1: Samanburður á núgildandi ákvæðum í aðalskipulagi og drög að breytingum.

2.2 DEILISKIPULAG ÍPRÓTTASVÆÐIS DALVÍKUR

Í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 eru nefnd meginmarkmið um íþróttasvæði Dalvíkur: að vinna skuli að uppbyggingu fjölbreyttrar íþróttaaðstöðu með áherslu á hreyfingu, almennings-, keppnis- og afreksíþróttir.

Stefnumörkun fyrir íþróttasvæði Dalvíkur er liður í framtíðar þróun og uppbyggingu svæðisins með það að markmiði að efla íþróttastarf í sveitarfélaginu. Hér er stiklað á helstu viðfangsefnum deiliskipulagsins. Umfjöllunin er skipt upp eftir viðfangsefnum og helstu áherslur nefndar.

- Bæta aðstöðu og skipuleggja fjölnota íþróttasvæði.
 - Aðstaða fyrir frjálssíþróttir verður bætt og færð að æfingavelli. Fjórar 400 metra hlaupabrautir verða umhverfis æfingavöll. Gert verður ráð fyrir aðstöðu fyrir langstökk og sex 100 metra hlaupabrautir austanvert við völinn.
 - Fyrirhugað er að setja upp strandblaksvöll suður frá Íþróttamiðstöðinni. Þar er skjól við byggingar frá ríkjandi vindáttum og opið fyrir sólaráttum.
- Tryggja gott aðgengi og aðkomu fyrir gangandi, hjólandi og akandi.
 - Bílastæði verða sunnan við íþróttasvæðið og þar verður aðkoma frá Ólafsfjarðarvegi.
 - Hugað verður að greiðum og aðgengilegum gönguleiðum um skipulagssvæðið.
- Bæta útlýsingu til að auka notkunarmöguleika í skammdeginu.
 - Útlýsing gegnir lykilhlutverki hvað varðar notkun og öryggi á íþróttasvæðum. Svo notendur sjái umhverfið og hindranir og séu jafnframt sýnilegir öðrum. Huga þarf vandlega að ljósdreifingu og ljósgæðum til að ýta undir jákvæða upplifun og forðast að valda óþægindum fyrir notanda eða ljósmengun fyrir umhverfið.
- Styrkja náttúrulegt yfirbragð svæðisins með gróðri sem veitir skjól fyrir ríkjandi vindáttum.
 - Gróður veitir skjól fyrir ríkjandi vindáttum, aðgreinir íþróttasvæðið frá íbúðabyggð og styrkir sjónræna upplifun af svæðinu. Huga verður að sjónlínunum frá svæðinu og nærliggjandi umhverfi.
- Skilgreina byggingarreit fyrir áhaldageymslu.
 - Huga þarf að staðsetningu svo ekki verði skyggt á sjónlínur frá tjaldsvæði og ferðapjónustu.



Mynd 5: Horft yfir knattspyrnuvelli frá áhorfendastúku. (AKG)

3 FORSENDUR

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag með um 1.831 íbúa samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands.⁴ Á Dalvík búa 1.334 manns en bærinn er þungamiðja verslunar, þjónustu og atvinnulífs í sveitarfélaginu. Íþróttastarf er öflugt í Dalvíkurbyggð en starfrækt eru íþrótt- og tómstundafélög sem nýta markvisst íþróttasvæðið.

3.1 STAÐHÆTTIR



Mynd 6: Skipulagssvæðið í nærmynd, staðarandi. (AKG)

Skipulagssvæðið einkennist af mikilli náttúruferu. Víðsýni er til allra átta þar sem fjallahringurinn styrkir upplifun og yfirbragð. Landið rís til vesturs en hæðarmunur er um 10 metrar. Syðsti hluti er óbyggt svæði með ósnortu landi.

Innan skipulagssvæðis er íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar með sundlaug, heitum pottum og rennibraut í sundlaugargarði. Aðkoma fyrir akandi að íþróttasvæði og íþróttamiðstöð er um íbúðargötuna Svarfaðarbraut, þar eru malbikuð bílastæði fyrir gesti. Einnig er aðkoma um malarveg sem liggur sunnan við svæðið frá malarbílastæði við æfingavöll. Landmótun og skjólgróður við æfingavöll veitir skjól fyrir ríkjandi vindáttum og aðgreinir svæðið frá þjóðvegi.

Knattspyrnuvöllir eru tveir, aðalvöllur fyrir keppnisleiki og æfingavöllur. Keppnisvöllur er flokkaður í D-flokk hjá KSÍ en báðir vellir eru grasvellir. Stúka fyrir áhorfendur er við aðalvöll og aðstaða fyrir leikmenn. Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir er úr sér gengin.

Starfsemi íþróttasvæðisins stuðlar að bættri lýðheilsu og heldur um íþrótt- og tómstundaiðkun íbúa sveitarfélagsins. Svæðið býr yfir tækifærum til að styrkja jákvæða upplifun íbúa og gesta sveitarfélagsins.

⁴ Hagstofa Íslands, 2017.

3.2 SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Stefna Svæðisskipulags Eyjafjarðar um byggðapróun er að ný íbúðarbyggð tengist beint þeirri byggð sem fyrir er, íbúar njóti nálægðar við verslun og þjónustu, skóla og heilsugæslu.

3.3 FORNMINJAR

Einn skráður minjastaður er í grennd við deiliskipulagssvæðið samkvæmt fornleifaskráningu.⁵ Um er að ræða Sandgerðishól sem merktur er sem örnefni með númer EY-101:010. Suðvestan við íþróttasvæðið er þyrping lágra og aflangra hóla og er Sandgerðishóll sá austasti. Gatan frá Böggvisstöðum að Böggvisstaðasandi lá um Sandgerðishóla. Allt land á íþróttasvæði er raskað.

3.4 LÖG OG REGLUGERÐIR

Við vinnslu deiliskipulagsins og mat á áhrifum skipulagsáætlunarinnar verður eftir því sem við á litið til laga, áátlana og samþykktu sem viðeigandi er í samræmi við hlutverk svæðisins.

Í 5.1.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 eru nefnd markmið með gerð deiliskipulags:

...að við skipulag svæða og hönnun mannvirkja sé tekið mið af lýðheilsu, fagurfræði, hagkvæmni, vistkerfi og þeim arfi sem felst í náttúru, landslagi, sögu og menningu svæðis.

...að aðgengi allra að mannvirkjum sé tryggt og að sérstakt tillit sé tekið til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við tilhögun og hönnun mannvirkja og almenningsrýma.



Mynd 7: Séð suður yfir aðalvöll. Svarfaðardalur í bakgrunni. (AKG)

⁵ Adolf Friðriksson og fleiri, 1999.

4 ÁHRIFAMAT

Metin verða líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á einstaka þætti áætlunarinnar. Ef áhrifin á umhverfið eru neikvæð skulu gerðar breytingar á skipulagstillögunni þar sem reynt er að draga úr neikvæðum áhrifum.

Áætla skal áhrif af þeirri umferð og hávaða sem fylgja þeirri starfsemi sem stunduð er á íþróttasvæði og áhrif frá lýsingu, þ.e. ljóskösturum á íþróttavöllum, á íbúðarbyggð, umhverfi og dýralíf. Einnig þarf að meta þau áhrif sem ný mannvirki og gróður hafa á útsýni frá nærliggjandi svæðum. Meta skal varðveislugildi þeirra fornminja sem eru í grennd við skipulagssvæðið.

Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætla.



Mynd 8: Horft til norðvesturs yfir íþróttasvæði að íbúðarbyggð. Bæjarfjall og Karlsárffjall í fjarska. (AKG)

5 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Skv. 1. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður lýsing skipulagsáætlunar send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Lýsingin verður auglýst með dreifibréfi/í staðarblaði sem borið verður út á hvert heimili sveitarfélagsins eða með öðrum fullnægjandi hætti. Hún mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess www.dalvikurbyggd.is. Umsagnaraðilum og almenningi verður þannig í upphafi verks gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Í framhaldi verða unnin drög að deiliskipulagi sem kynnt verða á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Fullunnin skipulagstillaga verður síðan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur.

Að athugasemdafresti loknum mun skipulagsnefnd yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju.

Skipulagsnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Skipulagsstofnun mun fá senda samþykktu tillögu til yfirferðar. Að því loknu mun sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal afgreiðsla sveitarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu.

Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla deiliskipulags verður í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Lýsing auglýst í september. A.m.k. tveggja vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á haustdögum 2017 með opnu húsi eða almennum fundi.
- Deiliskipulagstillaga auglýst í janúar/febrúar 2018. 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins vorið 2018.

5.1 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veitustofnanir
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin

5.2 ATHUGASEMDIR

Athugasemdir og ábendingar vegna lýsingar þessarar skulu sendar á skrifstofu Dalvíkurbyggðar, Ráðhúsinu, 621 Dalvík eða með tölvupósti til sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs á netfangið borkur@dalvikurbyggd.is. Tímafrestur kemur fram í auglýsingu.

6 HEIMILDASKRÁ

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. (1999). *Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku*. Fornleifastofnun Íslands.

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Dalvíkurbyggð. (2012). *Deiliskipulag Íþróttasvæðis á Dalvík, kynningarfundur*. Sótt af <https://www.dalvikurbyggd.is/is/frettir/deiliskipulag-ithrottasvaedis-a-dalvik-kynningarfundur>

Dalvíkurbyggð. (2013). *Umhverfissráð, 241. fundur*. Sótt af <https://www.dalvikurbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/umhverfisrad/37>

Dalvíkurbyggð. (2016). *Umhverfissráð, 281. fundur*. Sótt af <https://www.dalvikurbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/umhverfisrad/352>

Hagstofa Íslands. (2017). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2017*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Myndir (AKG) © Anna Kristín Guðmundsdóttir